



Menningar- og friðarsamtökin MFÍK

13. janúar 2012

Mál 110

Umsögn um tillögutil þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. 140. Löggjafarþing 2011-2012. Þingskjal 110 - 110. mál.

Menningar- og friðarsamtökin MFÍK eru hlynnt þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að NATÓ og fagna því þingsályktunartillögu þar að lútandi. MFÍK hafa lengi haldið á lofti þeirri kröfu að bundið verði í stjórnarskrá að Ísland sé her- og vopnalaust svæði, allri aðild aðhernaðarbandalögum verði hætt og miðin lýst kjarnorkulaustsvæði. Þannig geti Ísland á afgerandihátt stuðlað að afvopnun í heiminum.

Áætluð tímasetning atkvæðagreiðslunnar, um mitt ár 2012, þykir stjórn MFÍK nokkuð knappur tími. Fræðsla og málefnaleg umræða er nauðsynlegur undanfari og mikilvæg til að kjósendur nái að taka ábyrga afstöðu á eigin forsendum.

Stjórn Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK